

## 1071. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 07. desember 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 14. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný V. Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þ. Sigurðsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Hildur Mósesdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Stefán Einar setti fund kl. 17:30 sem að þessu sinni er jólafundur með hátíðarmálsverði og er haldinn í sal á 14. hæð í Kringlunni 7.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Stefán Einar lagði fyrir fundargerð 1070. fundar sem var samþykkt og undirrituð.

### 2. Fjárhagsáætlun 2012

Helga hóf yfirferð sína á því að kynna vinnubrögð við gerð áætlunarinnar en hún er unnin í nánú samráði við formann og forstöðumenn sviða. Lagði hún svo fram skjalið „Áætlun 2012“ sem var samantekt á helstu tölum. Kom m.a. fram í máli Helgu að hún miðar áætlun við þá forsendu að kjarasamningar haldi en ef svo verður ekki gæti það haft ófyrirséð áhrif. Vænst er aukinni aðsókn í varasjóð og almennt aukinni þjónustu við félagsmenn. Gert er ráð fyrir því að rekstrargjöld umfram tekjur séu við núllpunkt.

Umræður.

Í umræðum kom m.a. fram að ferðakostnaður innanlands sé 6 milljónir króna og voru fundarmenn á því að það væri allt of mikið og þurfi að endurskoða skipulag vegna þess.

Nánar verður svo farið yfir tölur sjúkrasjóðs á fundi framkvæmdastjórnar sjóðsins í næstu viku. Einnig verður leitað nýrra leiða með málefni atvinnuleitenda.

Í umræðum komu fram nokkrir fyrirvarar, m.a. að skera meira niður þannig að einhverjum hagnaði verði skilað og var áætlunin svo borin upp og samþykkt.

### 3. Skýrsla um lífeyriskerfið

Stefán Einar sagði frá því að í janúar n.k. væri von á skýrslu úttektarnefndar ríkissáttasemjara sem gerð var að beiðni Landssamtaka lífeyrissjóða. Lagði hann fram skjalið „Úttekt á starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna“ sem eru drög að ályktun sem væri e.k. viðbragðsáætlun við útkomu skýrslunnar. Fór Stefán yfir drögin og var ákveðið að stjórnarmenn sendi honum uppástungur um þá þrjá sérfræðinga sem VR myndi kalla til ráðgjafar vegna þessa máls. Stefnir stjórnin að því að hittast fyrir jól og ganga frá skipun þessara þriggja sérfræðinga. Yfirlýsing stjórnarinnar er svohljóðandi:

#### *Úttekt á starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna*

##### *Viðbragðsáætlun VR*

*Í janúar næstkomandi er von á skýrslu úttektarnefndar þeirrar sem ríkissáttasemjari skipaði að beiðni Landssamtaka lífeyrissjóða. Í skýrslunni er fjallað um fjárfestingar sjóðanna í aðdraganda hrunsins og verður þar sjónum sérstaklega beint að tímabilinu 2006-2009. Komið hefur fram í yfirlýsingum formanns nefndarinnar, Hrafns Bragasonar, að allir íslensku lífeyrissjóðirnir séu til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar og að sérstakri niðurstöðu verði skilað um hvern og einn þeirra. VR, sem skipar helming stjórnarmanna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, lítur á það sem hlutverk sitt að leggja mat á niðurstöðu nefndarinnar og hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna þess. Af þeim sökum mun stjórn VR kalla þrjá sérfræðinga til ráðgjafar við félagið um efni skýrslunnar og hvaða ályktanir beri að draga af henni. Mun stjórn félagsins taka afstöðu til þeirrar ráðgjafar innan fjögurra vikna frá útgáfu skýrslunnar.*

Umræður.

Samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna að setja málið í þennan farveg.

### 4. Jólaaðstoð VR

Stefán Einar kom með þá tillögu að lækka jólaaðstoð frá fyrra ári úr 5,2 milljónum kr. í 3 milljónir kr. og fari öll upphæðin í matarkort Hjálparstofnunar Kirkjunnar og Rauða Krossins. Eftir umræður var þetta samþykkt með þeirri breytingatillögu Ragnars Þórs um að hækka upphæðina frá tillögunni í 4 milljónir kr.

## 5. Trúnaðarmenn

- |                                 |                              |
|---------------------------------|------------------------------|
| a. Sverrir Sverrisson           | Icetransport (n)             |
| b. Guðrún Björg Ágústsdóttir    | Samhjálp (n)                 |
| c. Gróa Norðfjörð Jónsdóttir    | Hagkaup Garðabæ (n)          |
| d. Þuríður Drífa Sigurðardóttir | Hagkaup Garðabæ (n)          |
| e. Ragnar Egilsson              | Skjal þýðingastofa (n)       |
| f. Arnar Bragason               | Nýherji(áður Skyggirnir) (e) |
| g. Ingibjörg Kristjánsdóttir    | Icelandair (e)               |
| h. Guðbjörg Hlega Magnúsdóttir  | Icelandair (e)               |
| i. Guðjón Steinarsson           | Gámaþjónustan (e)            |
| j. Jón Brynjar Birgisson        | Rauði kross Íslands (e)      |

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Árni Leósson, fundarritari